

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra, umfram fyrstu 15 m þannig: $Y_j = (300 + 4 \times \text{kVA}) \text{ kr./m.}$

Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m þannig: $YL = (200 + 3 \times \text{kVA}) \text{ kr./m}$ að viðbættum kr. 5 000.00 á hvern staur í umfram-lengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt fyrir hana, sem hér segir:

60 amp. einfasa	kr. 2 450.00
60 amp. þrífasa	— 3 220.00

Séu aðstæður þannig, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar.

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni, (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi skildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaðarreikningi. Helmingur heimtaugargjalds skal greiddur við umsókn, en síðari hlutinn áður en notkun hefst.

Söluskattur skv. lögum er innifalinn í gjaldinu nema af raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Gerðahrepps nr. 232 30. október 1970 með síðari breytingum.

Lönaðarráðuneytið, 15. maí 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um niðurrjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Selfossi.

1. gr.

Almennur vatnsskattur.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Selfosshrepps, sem leggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr vatnsveitukerfi Vatnsveitu Selfosshrepps.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hverrar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Um hús, sem eru í byggingu og því eigi virt fasteignamatsvirðingu, skulu eftirfarandi ákvæði gilda.

1. Vatnsskattur skal lagður á öll hús í byggingu samkv. ákvæðum 1. og 4. mgr. hér á undan, ef lokið er við steypu á efstu plötu, elllegar ef þakúttekt hefur farið fram.
2. Miða skal upphaf vatnsskattsálagningar við úttektardagsetningu byggingarfulltrúans á Selfossi, ef hún er fyrir hendi, annars áætlað vatnsveitan viðkomandi dagsetningu.
3. Vatnsskatturinn skal reiknast á 1. ári hlutfallslega frá þeim mánuði, sem úttekin átti sér stað.
4. Hafi bygging verið lengur en þrjú ár í smíðum, án þess að verða vatnsskattshæf samkv. framangreindum reglum, skal reikna vatnsskatt af mannvirkjum eins og þau væru fullfrágengin. Þriggja ára tímabilið skal reiknast frá þeim tíma, er úttekt á grunni byggingarinnar fór fram, samkv. bókun byggingarfulltrúans á Selfossi.

2. gr.

Aukavatnsskattur.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun, en verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkv. áætlaðri notkun.

Sé vatn látið af hendi úr brunahönum eða öðrum vatnstökustöðum sem almennur vatnsskattur er eigi greiddur af, skal endurgjaldið vera 100% herra pr. rúmmeter heldur en krafizt er af almennum aukavatnsskattsgreiðendum, auk útlagðs kostnaðar vegna vatnstökunnar.

3. gr.

Gjaldtaxtar.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 1. gr., skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.20% af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði	minnst 4.80, en mest 7.20 kr./m ³
Vöregymslur	minnst 3.60, en mest 8.40 kr./m ³
Aðrar byggingar	minnst 4.80, en mest 8.40 kr./m ³

Vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 750.00 af skattskyldri fasteign.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr., skal vera kr. 3.70 á hvern rúmmeter vatns.

Hreppsnefnd getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantaliu gjöld, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

4. gr.

Gjalddagi vatnsskatts.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til skrifstofu Selfosshrepps.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögtaksrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsretti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gildistími reglugerðar.

Reglugerð þessi gildir frá 1. jan. 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts, sbr. 1. mgr. 4. gr. skal á árinu 1972 vera 15. maí.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Selfosshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. maí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

24. maí 1972.

Nr. 127.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Halldórs Jónassonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. maí 1972.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**fyrir Minningarsjóð Halldórs Jónassonar.**

1. gr.

Minningarsjóður Halldórs Jónassonar frá Hrafnagili er stofnaður af vandanönnum haus og vinum. Höfuðstóll sjóðsins er kr. 31 000.72. Gjafir, er sjóðnum kunna að áskotnast leggist við höfuðstólinn.

2. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu skólameistara Menntaskólans á Akureyri, og fer um alla vörzlu hans eftir almennum reglum um sjóði í vörzlu skólans.